

Mál nr. 10/2014

Ár 2015, mánudaginn 16. febrúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 10/2014

X

gegn

Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 27. maí 2014 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Z) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina ZZ við rakkann XX án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 2. Júní 2014 og henni gefinn andmælafrestur til 30.júní. Andmæli bárust með bréfi dags. 29. júní. Afrit andsvara voru send kæranda til umsagnar sem svaraði ekki efnislega en fór fram á að siðanefnd ynni málið áfram. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn og sjónarmið er máli kynnu að skipta væru komin fram ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var tíkin ZZ pöruð við rakkann XX á þess að tíkin hefði gilt augnvottorð við pörun. Hundarnir eru af hundakyninu Collie Rough og eru báðir í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða svaraði því til í andsvari sínu að hún hefði verið þess fullvis að tíkin hefði verið með gilt augnvottorð við pörun og ekki hafi verið um ásetningsbrot að ræða. Hún hafi mislesið dagsetningar vottorðsins en dagsetningar þess voru nánast ólæsilegar. Kærða tók það fram í svari sínu að reglur skuli halda og virða og hún hafi verið viss um tíkin hefði verið með gilt augnvottorð við pörun.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda um hundakynið Collie Rough:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.02.2009). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar

undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað hinn 18-19.oktober 2013 hafði tíkin ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Collie Rough skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 18 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotunum. Kærða hefur upplýst að hún hafi verið þess fullviss að tíkin hafi verið með gilt augnvottorð við pörun. Í ljós hafi þó komið að svo var ekki. Siðanefnd telur það alfarið á ábyrgð ræktanda að kynna sér heilsufarsvottorð ræktunardýra sinna þannig að óyggjandi sé að þau séu gild. Tíkin hefur nú verið augnskoðuð og til allra heilla staðist þá skoðun, en það gat kærða ekki séð fyrir. Þá liggur það fyrir að kærða hefur áður sætt kærú vegna brota á grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ þar sem m.a. augnvottorð var ekki gilt við pörun. Kærða sætir því áminningu öðru sinni vegna.

Kærða Z telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærða er áminnt öðru sinni.

f.h siðanefndar

---

Anna María Flygenring

---

Hilmar Sigurgíslason

---

Kristín Sveinbjarnardóttir